

Mat á uppeldissvæðum í Laxá í Dölum 1992

Inngangur

Í lögum um lax og silungsveiði, nr. 76/1970, segir m.a. Í 50. grein um niðurjöfnun arðs:

"Við niðurjöfnun veiði eða arðs af henni skal m.a. taka tillit til aðstöðu við netjaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks."

Löggjafinn gerir ráð fyrir að tekið sé tillit til veiði og uppeldisskilyrða án þess að geta þess hvernig eigi að gera það, þ.e. hvaða vægi á að gefa einstökum þáttum og hvernig eigi að meta þessa þætti. Þá virðist hann gera ráð fyrir að góð hrygningarskilyrði séu þáttur sem telja beri til tekna.

Í ljósi nýrrar vitneskju um lifnaðarhætti laxins er of mikil hrygning vandamál í flestum íslenskum ám, svo í raun ætti að gefa góðum hrygningarstöðvum neikvætt vægi í arðskrá. Þar sem fjöldi eða gæði hrygningarstöðva eru sjaldnast takmarkandi þáttur og alls ekki í Laxá í Dölum, höfum við tekið þá afstöðu að taka ekki tillit til hrygningarstöðva í okkar mati.

Aðferðir við mat á uppeldisskilyrðum

Gengið var með allri ánni og uppeldisstöðvar metnar. Tillit var tekið til botngerðar og straumlags og veitt var á ýmsum stöðum til þess að rökstyðja matið. Talsverð reynsla er fyrir hendi til þess að meta uppeldisskilyrði með vettvangsgöngu, þ.e. meta ána með því að skoða hana og var þetta mat stutt seiðaveiðum þar sem þess þótti þörf og þar með fékkst vitneskja um magn og stærðardreifingu seiða á svæðum sem þóttu sambærileg. Svæðunum voru gefnar einkunnir og er nánar útskýrt hér á eftir hvað þær þýða, en erfitt er að meta hvernig ber að telja einkunnirnar til tekna, þ.e. hversu mikið vægi eigi að gefa góðum uppeldisskilyrðum gagnvart þeim sem lélegri eru. Þar verður álit matsmanna að koma til.

Einkunnagjöf svæðanna var merkt inn á kort og gerð er grein fyrir skiptingu árinna í mismunandi uppeldissvæði í töflu 1. Jafnframt er upplýst hvers vegna hvert svæði fær þann dóm sem kveðinn er upp. Þar með er lagður grundvöllur að nánari endurskoðun matsins: Alltaf er hægt að fara á vettvang síðar og gagnrýna matið og leiðréta það ef ástæða þykir til. Niðurstöður seiðaveiða eru birtar í mynd 1 og töflu 3, bls. 8 og 9. Þar má fá tölulegan mælikvarða á fjölda seiða og þyngd þeirra á stöðum sem gefið hefur verið mismunandi mat á uppeldisskilyrðum.

Einkunnagjöf og mat á svæðum

Við mat á uppeldisskilyrðum var viðhaft hlutlægt mat, stutt af seiðaveiðum sem sýnir fjölda og stærðardreifingu seiða.

Hverjum árkafla er gefin einkunn á skala 1-5, þar sem 1 táknar lélegustu skilyrði og 5 þau allra bestu og er þá tekið tillit til botngerðar árinna og að nokkru til flatarmáls á hverjum stað. Þannig er svæði sem hefur svipaða botngerð gefið herra vægi á hvern lengdarmeter því breiðara sem það er. Þetta er mikilvægt þegar um er að ræða þverár, sem oft geta haft ágæt skilyrði til uppeldis en eru mjóar. Reynt er m.ö.o. að taka tillit til flatarmáls uppeldissvæða fyrir ákveðna lengd árinna. Hægt er að reikna út hlutfall hverrar jarðar í uppeldisskilyrðum vatnasvæðisins og eftir að ákveðið er hve mörg % uppeldisskilyrðin skulu vega í heildarmati er auðvelt að reikna hlut hverrar jarðar.

Einkunnastiginn

Nánari skilgreining:

- | | |
|---|---|
| 1 Lélegt uppeldissvæði. | Botninn sléttur, ekkert skjól og framleiðsla nánast engin. |
| 2 Fremur lélegt uppeldissvæði, sléttur botn með einstöku steinum | Lítið skjól fyrir stór seiði, og lítil framleiðsla. |
| 3 Uppeldissvæði sem telja má eðlilega gott. Mátulega grófur botn. | Nokkuð jöfn skipting smárra og stórra seiða. |
| 4 Gott uppeldissvæði, grófur botn, hæfilegur straumur. | Gott skjól fyrir stór seiði, framleiðsla mikil. |
| 5 Mjög gott uppeldissvæði, kjörbotn, grófur með miklu skjóli, hæfilegur straumur. | Afburðasvæði með grófum skjólgóðum botni sem gefur vernd fyrir afræningjum (fugli), hámarksframleiðsla. |

Túlkun á einkunnagjöf

Vandasamt er að ákveða hver munur er á framleiðslu svæða sem fá mismunandi einkunn sem uppeldissvæði.

Ekki er unnt að segja að svæði sem fær einkunnina 2, sé helmingi meira virði en það sem hefur einkunnina 1, eða að svæði með einkun 5, sé fimm sinnum þýðingarmeira en svæði með einkunnina 1. Hér verða matsmenn að fara varlega og styðjast við tölur um seiðamagn og stærðardreifingu seiða sem er einkennandi fyrir svæði með mismunandi einkunn.

Skilgreining uppeldissvæða eftir einkunn

- 1: Svæði sem er flokkað sem 1, hefur nánast engin uppeldisskilyrði og þar af leiðandi enga framleiðslu seiða. Botn er fínur og sléttur og engin seiði seiði veiðast.
Seiðamagn: Frá því að vera ekki mælanlegt upp í 0.5 g á fermeter.
- 2: Á svæði flokkað 2, finnast fá og smá seiði og framleiðsla er mjög lítil.
Seiðamagn: Afli í einni yfirferð með rafveiðitæki er um 1-2 g á fermeter.
- 3: Einkunn 3. Þá fyrst er unnt er að segja að framleiðsla sé eðlileg. Niðurstöður seiðatalninga sýna að skipting smárra og stórra seiða er nokkuð jöfn.
Seiðamagn: 2-3 g á fermeter.
- 4-5: Svæði með einkunn 4 eða 5 eru afbragðs uppeldissvæði, þar finnst mikið magn af stórum seiðum en lítið af smáum.
Seiðamagn: 4-6 g á fermeter.

Veiði og veiðimöguleikar

Hér er auðveldast að nota afla fyrir hverju landi til arðsskiptingar. Afla á hverjum veiðistað yrði þá skipt jafnt milli þeirra jarða sem eiga land hvor á móti annarri. Þegar hlutfall afla (veiðimöguleika) hefur verið ákveðið er létt að reikna það vægi út í arðskrá. Afli einstakra veiðistaða árin 1981- 1990, er sýndur í töflu 1.

Landlengd

Þessi þáttur er nokkuð vel skilgreindur, því hér er átt við landlengd viðkomandi lögbýlis. Erfiðara er að meta landlengd þveráa viðkomandi jarða, en alla jafna hefur ekki verið tekið tillit til þeirra í arðskrá nema veiði hafi verið í þveránum. Gildi lækja sem ekkert veiðist í en eru seiðagengir og taka þátt í framleiðslunni hefur hingað til verið vanmetið. Matsmenn ættu að telja slíkar þverár eða læki til tekna sem uppeldissvæði viðkomandi jarða.

Tafla 1: Skipting Laxár í uppeldissvæði, Niðurstöður vettvangsgöngu og seiðaveiða í september 1992. Númer vísa til merkinga á korti aftast í skýrslunni.

Svæði:	Númer	Lengd	Einkunn	Frá ósi
		m		m
Neðan brúar	0-1	800	2	800
Brú -Krókur	1-2	900	3	1700
Ofan Króks	2-3	420	2	2120
Neðan Þegjanda	3-4	300	3	2420
Ofan Þegjanda	4-5	100	4	2520
Þegjandakvörn	5-6	100	3	2620
Að Grófarlæk	6-7	350	2	2970
Að Höskst.streng	7-8	1200	3	4170
Höskuldsstaðir	8-9	480	2	4650
Ofan Höskuldsstaða	9-10	200	3	4850
Við Krosslæk	10-11	820	2	5670
Hornsstaðir	11-12	500	4	6170
Ofan Hornsstaða	12-13	450	1	6620
Ofan Hornsst.kv	13-14	140	2	6760
Neðan Leiðólfsstkvörn	14-15	120	1	6880
Leiðólfsstaðakvörn	15-16	360	4	7240
Leiðólfsstaðagil	16-17	1100	3	8340
Nesbakki	17-18	410	2	8750
Neðan Gíslakvarnar	18-19	220	5	8970
Neðan Þrándargils	19-20	280	4	9250
Kristnipollur-Lambastkv.	20-21	1680	1	10930
Ofan Lambastaðakvarnar	21-22	180	2	11110
Að Björnskvörn	22-23	5460	1	16570
Dönustaðagrjót	23-24	520	5	17090
Ofan Dönustaðagrjóta	24-25	460	2	17550
Neðan Svartsfoss	25-26	400	3	17950
Ofan Svartsfoss	26-27	2100	2	20050
Hamarsfljót	27-28	380	4	20430
Neðan Helgabakka	28-29	540	3	20970
Neðan Hólmavatnsár	29-30	480	2	21450
Neðan Sólheimafoss	30-31	520	3	21970

Samantekt einkunna í allri ánni.	Einkunn	lengd, m	%
	1	7710	35.1
	2	6640	30.2
	3	5260	23.9
	4	1620	7.4
	5	740	3.4

Nánari skilgreining á hinum einstöku svæðum.

Rökstuðningur á mati til þess að auðvelda umræður um einstök svæði árinna og endurmat síðar, ef til þess kemur.

- 0-1. Frá ósi upp að brú. Stór hluti er undir áhrifum af saltvatni sem rýrir gildi þess. Mikið af malar og klapparsvæðum.
- 1-2. Frá brú að Króki. Klapparbotn að miklum hluta, þar er lítið skjól, eins er mikið af svæðum sem þorna þegar minnkar í ánni.
- 2-3-4. Frá Króki að Þegjanda. Milli 2 og 3 er áin flöt, mest mól og sandur í botni, einstöku stórir steinar, einkunn 2. Ofar er áin brattari, meira um stærri steina og grófari botn, einkunn 3, upp að Þegjanda.
- 4-7. Þegjandi - Grófarlækur. Neðstu 100 metrarnir fá 4 í einkunn vegna þess hve botninn er grófur, þar skiptast á flúðir og hyljir með stórum steinum. Þegjandakvörn og svæðið upp að broti fær 3. Þar fyrir ofan og upp að Grófarlæk er fín mól í botni, einkunn 2.
- 7-8. Frá Grófarlæk upp fyrir Höskuldsstaðastreng, að símalínu. Nokkuð gróft grjót í botni á lygnum köflum, Víða straumrastir með talsverðu grjóti, Einkunn 3.
- 8-9. Frá Höskuldsstaðastreng að eyju. Botn sléttur, einstöku stórir steinar. Seiðin sem veiddust á þessum stað voru öll í grasi við bakkann. Einkunn 2.
- 9-10. Sunnan við eyjuna er nokkuð gott svæði, einkunn 3, norðan eyjunnar er botninn lélegri.
- 10-11. Nokkuð breytilegt svæði, fremur rýrt, sléttur botn og lítið um steina, lítill straumur, einkunn 2.
- 11-12. Afbragðs svæði, grófur botn víðast hvar, slétt á smá köflum á milli, hæfilegur straumur. Við sýnatöku fannst mikið af stórum seiðum, einkunn 4.
- 12-13. Ofan nýja veiðistaðarins. Fínn botn, einstaka stórir steinar alla leið upp að berggangi sem gengur yfir ána, lélegt svæði einkun 1.
- 13-14. Milli tveggja berganga. Meira grjót og betri skilyrði, talsvert af stórum steinum, um 140 m kafli, einkunn 2.
- 14-15. Mjög fínn botn, léleg uppeldisskilyrði, einkunn 1.
- 15-16. Leiðólfsstaðakvörn. Grófur botn, mjög hæfilegur straumur, afbragðs svæði, einkunn 4.
- 16-17. Nokkuð breytilegt svæði en almennt nokkuð gott, einkunn 3.
- 17-18. Nær upp að efri hluta skurðarins sem grafinn var í ána. Nokkuð fínn botn, fremur lélegt svæði, einkunn 2.
- 18-19. Þetta er með því besta sem sést, hæfilegur straumur og mjög grófur botn, áin mjög breið og breytist lítið við mismunandi rennsli. Einkunn 5.


- 19-20. Góður botn, heldur lélegra en svæðið fyrir neðan en eigi að síður afbragðs svæði. einkunn 4.
- 20-21. Hér skiptir alveg um. Ofan Kristnapolls tekur við sléttur sandbotn sem nær alla leið upp í Lambastaðakvörn. Einstöku stórir steinar eru á stangli en það er lítil bót að þeim, svo fáir eru þeir. Uppeldisskilyrði á þessu svæði eru nær engin, einkunn 1.
- 21-22. Á 180 m kafla við nýja veiðistaðinn er botninn aðeins grófari svo einkunnin fer upp í 2.
- 22-23. Allt þetta svæði hefur sléttan botn, nokkrir torfuhnausar og stöku steinar hafa ekkert að segja þegar á heildina er litið, uppeldisskilyrði nær engin, einkunn 1.
- 23-24. Dönustaðagrjót. Grófur botn og mikið skjól, hæfilegur straumur, kjörskilyrði, einkunn 5. Svæðið nær rétt upp fyrir brúna.
- 24-25. Aðallega fín möl í botni, nokkuð af smágrjóti, lélegt svæði, einkunn 2.
- 25-26. Hér er meiri straumur og nokkuð meira grjót, uppeldisskilyrði þokkaleg rétt upp fyrir Svartfoss, einkunn 3.
- 26-27. Smá möl, grjót á stöku stað, lítill hallandi, fremur lélegt svæði, einkunn 2.
- 27-28. Svæðið 200 m niður af Hamarsfljóti er mjög gott uppeldissvæði. Hæfilegur straumur, stórir steinar í botni og lögun árfarvegs þannig að flatarmál tapast lítið í þurrkum. Einkunn 4. Hólkotsá kemur í Laxá á þessum kafla. Botninn í henni er eins góður og best verður á kosið, uppeldiskilyrði mjög góð, einkunn 4, en áin er ekki breið. Sama má segja um Samsstaðaá sem einnig kemur í Laxá á þessu svæði.
- 28-29. Þokkalegt svæði, einkunn 3.
- 29-30. Malarbotn, fremur lélegt svæði, einkunn 2.
- 30-31. Nær frá ósi Hólmavatnsár upp að Sólheimafossi, nokkuð gott svæði, einkunn 3. Hólmavatnsáin er mjög góð, einkunn 4, en áin er ekki breið.

Tafla 2. Afli í Laxá 1981-90


No	Staður	81	82	83	84	85	86	87	88	89	90	Samt	%
1	Sjávarfljót	9	8	3	8	7	19	3	3	2	6	68	0.56
2	Matarpollur	16	26	17	25	68	91	16	52	32	37	380	3.16
3	Papi	30	12	45	14	28	141	61	47	19	17	414	3.44
4	Brúarstrengur	7	4	7	2	22	30	7	37	15	10	141	1.17
4	Doddsnef	0	0	0	4	2	0	0	6	0	4	16	0.13
5	Neðrikista	7	5	13	11	33	20	9	0	27	12	137	1.14
5	Efrikista	68	35	63	82	106	82	38	160	81	90	805	6.68
6	Krókur	12	21	20	8	9	13	3	15	10	14	125	1.04
7	Þegjandi	20	10	13	3	59	60	74	185	87	152	663	5.50
8	Þegjandastr.	33	27	18	2	3	15	0	10	17	10	135	1.12
9	Þegjandakvörn	56	33	39	23	11	15	38	56	80	37	388	3.22
10	Mjóhylur	3	19	16	15	49	54	74	91	30	45	396	3.29
11	Höskuldsst.str.	62	72	53	69	25	92	37	50	37	27	524	4.35
11	Hornsstaðastr.	0	0	0	2	0	0	0	0	1	20	23	0.19
12	Leiðólfsst.kv.	5	0	14	68	51	60	77	87	31	50	443	3.68
13	Nesbakki	0	0	10	1	0	0	0	3	0	14	28	0.23
14	Gíslakvörn	106	62	29	21	8	119	12	258	22	79	716	5.94
15	Kristnipollur	14	0	71	102	236	258	211	212	107	73	1284	10.66
16	Kotbakki	0	3	9	5	0	0	0	1	7	8	33	0.27
17	Lambastaðakv.	1	0	15	8	14	1	0	42	0	12	93	0.77
18	Svarfhólsgrjót	0	4	26	21	193	184	319	148	26	88	1009	8.38
19	Dísubakki	27	20	16	63	13	24	19	89	20	10	301	2.50
20	Leirmúli	6	26	29	3	2	23	0	0	4	1	94	0.78
21	Grafarbakki	33	77	28	4	1	36	1	4	6	6	196	1.63
22	Grafarpollur	31	89	42	0	6	38	1	21	3	42	273	2.27
23	Drykkjarpollur	3	9	15	8	23	20	11	26	6	5	126	1.05
24	Höfðafljót	77	44	37	27	6	13	5	108	70	3	390	3.24
25	Björnaskvörn	4	6	36	24	53	54	3	40	21	5	246	2.04
26	Dönustaðagrjót	0	0	89	76	156	215	128	226	118	54	1062	8.82
27	Svartfoss	0	0	60	63	109	131	71	150	57	22	663	5.50
28	Hamarsfljót	0	0	8	7	1	2	3	16	4	10	51	0.42
29	Helgabakki	0	0	5	8	6	14	12	23	2	1	71	0.59
30	Helluhylur	0	0	17	7	12	45	30	118	13	23	265	2.20
31	Sólheimafoss	0	0	9	13	61	83	68	28	17	4	283	2.35
32	Óskráð	6	6	4	0	31	17	25	42	42	29	202	1.68
Samtals:		636	618	876	797	1404	1969	1356	2354	1014	1020	12044	100

Heimild: Veiðifélag Laxdæla 1992.

Mynd 1. Fjöldi seiða og lengdardreifing á nokkrum stöðum í Laxá 1992.



Mynd 1, Niðurstöður seiðaveiða í Laxá 1992, framhald.



Tafla 3. Niðurstöður úr seiðaveiðum í Laxá með tilliti til mismunandi uppeldissvæða.

Staður	Einkunn	g/ m ²
Grafarpollur	1	0.2
Höskuldsstaðaá	1	0.5
Neðan brúar	2	2.3
Helgabakki	2	0.9
Kistur	3	0.6
Hólkotsá	4	1.8
Leiðólfsstaðakvörn	4	4.3
Hornsstaðastrengur	4	4.0
Björnskvörn	5	5.8